



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði miðvikudaginn 19. mars 2014.

Fundur hefst kl. 12⁰⁰ í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 368. fundur sveitarstjórnar, 3. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 4 blaðsíður.

Guðmundur Ingi oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Sverrir Gíslason boðaði forföll, í hans stað mætir Guðmundur Vignir Steinsson varamaður Ó-lista.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

10. Erindi frá stjórn Eldvatna samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi, dags. 17. mars 2014.

III. Fundargerðir til kynningar

5. 155. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 14. mars 2014.

Samþykkt að taka fundargerð Heilbrigðisnefndar fyrir á fundinum.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Gert er ráð fyrir að borgarafundur sveitarstjórnar verði haldinn þriðjudaginn 15. apríl, kl. 20:30 í Kirkjuhvoli.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Katla jarðvangur – Steingerður Hreinsdóttir og Sigurður Sigursveinsson kynntu framvindu verkefnisins.
2. Kaup á hlut í jörðinni Kirkjubæjarklaustur.
Lögð fram drög að samkomulagi um kaup á 2,5% eignarhlut Braga Gunnarssonar og 2,5% eignarhlut Eddu Gunnarsdóttur í óskiptri sameign jarðarinnar Kirkjubæjarklaustur.
Fjármögnun kaupa sveitarfélagsins verði með eigin fé allt að kr. 5.500.000.-

*Sveitarstjórn samþykkir að kaupa eignarhlut Braga og Eddu.
Oddvita falið að ganga frá samningi um kaupin.*

3. Ábyrgðaryfirlýsing vegna láns tilhanda Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu hjá Lánasjóði



sveitarfélaga að fjárhæð 8.000.000 kr., í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum og eru meðfylgjandi fundargerð þessari. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lán Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er tekið til að fjármagna stofnkostnað við skólaþjónustu lántaka ásamt bifreið félagsþjónustu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Eygló Kristjánsdóttur kt. 051274-3509, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Skaftárhrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

4. Umsögn um rekstrarleyfi.
Sýslumaðurinn í Vík óskar umsagnar vegna fyrirhugaðra leyfisveitinga til Íslandshótel hf. kt. 630169-2919, umsókn um leyfi til að reka hótél í flokki V. að Núpum, Skaftárhreppi (nýtt leyfi).
Þorsteinn lýsir vanhæfi sínu og vísar af fundi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við leyfisveitinguna.

Þorsteinn kemur aftur inn á fundinn.

5. Erindi frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu um samræmingu launa starfsmanna í félagslegri heimaþjónustu í byggðarsamlaginu.
Félagsmálanefnd óskar eftir því að sveitarfélögin samræmi laun starfsmanna í félagslegri heimaþjónustu þannig að allir starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu í byggðarsamlaginu fái 15% umönnunarálag ásamt milliferðagjaldi fyrir starfsmenn sem fara á fleiri en eitt heimili á dag, milliferðagjald verði 0,0375% ofan á laun starfsmanna.

Sveitarstjórn samþykkir að taka upp umönnunarálag og milliferðagjald.

6. Ábyrgðaryfirlýsing vegna láns tilhanda Byggðasafnsins að Skógum, Skógasafni.
Ekki er enn orðið ljóst með lánveitingu til Byggðasafnsins og er málinu því frestað.
7. Beiðni frá rekstrarnefnd Klausturhóla um styrk á móti húsaleigu vegna 2013.
Rekstrarnefnd Klausturhóla óskar eftir styrk á móti húsaleigu heimilisins að fjárhæð 4.890.936 kr. vegna árisins 2013. Undanfarin ár hefur styrkur verið veittur frá sveitarfélaginu en ekki var gert ráð fyrir honum á árinu 2013.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitinguna.

8. Erindi starfshóps Veiðifélags Skaftártungumanna vegna Búlandsvirkjunar.
Veiðifélag Skaftártungumanna hefur skipað starfshóp til að rýna áform um Búlandsvirkjun og áhrif hennar á nærsamfélagið. Markmið hópsins er að skila greinargerð til félagsins þannig að hver og einn félagsmaður geti tekið upplýsta ákvörðun um virkjunaráformin. Starfshópurinn beinir því til sveitarstjórnar að áherslur starfshópsins fái stuðning og



brautargengi. Einnig er því beint til sveitarstjórnar að sveitarstjórn taki þátt í því að leita lausna til bættra búsetuskilyrða í Skaftártungu í tengslum við áform um Búlandsvirkjun á grundvelli þess sem rakið er í erindinu.

Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar málefnalegri vinnu starfshópsins við rýningu á kostum og göllum við fyrirhugaða Búlandsvirkjun. Skv. gildandi aðalskipulagi er skýr stefna sveitarfélagsins að auka þurfi atvinnusköpun með öllum þeim tækifærum sem völ er á og svæðið býður upp á í sem mestri og bestri sátt samfélagsins.

Sveitarstjórn er fús til alls málefnalegs samstarfs sem leitt getur til bættra búsetuskilyrða í sveitarfélaginu.

9. Boð á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands 27. mars á Hótel Selfossi. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands hf verður haldinn fimmtudaginn 27. mars kl. 13:00 á Hótel Selfossi.
Eygló Kristjánsdóttir situr fundinn fyrir hönd Skaftárhrepps og fer með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 100. fundur Skipulags- og byggingarnefndar, 11. mars 2014.
Skipulagsmál
3. Lýsing aðalskipulagsbreytingar þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerðin í heild samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 477. fundur stjórnar SASS, 20. febrúar 2014.
2. 813. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 28. febrúar 2014.
3. 12. fundargerð Félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 24. febrúar 2014.
4. 6. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 17. mars 2014.
5. 155. fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 14. mars 2014.

IV. Annað kynningarefni.

1. Viðhorf til gjaldtöku á ferðamannastöðum á Suðurlandi.
2. Greinargerð vegna viðskiptastöðu Klausturhóla og Skaftárhrepps.
3. Bréf sveitarstjórnar Skaftárhrepps til ráðuneyta varðandi ríkisjarðir í Skaftárhreppi.



V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 14:50.

Næsti fundur boðaður með dagskrá þriðjudaginn 15. apríl 2014 kl. 13:00.

Guðmundur Ingi Ingason

Jóhannes Gissurarson.

Þorsteinn M. Kristinsson

Rannveig E. Bjarnadóttir

Guðmundur V. Steinsson